

Ísótóparannsókn af höfði

Ísótóparannsóknin er gerð á höfði og veitir upplýsingar um virkni taugaboðfnisins dópamíns (DaTScan).

Rannsóknin er gerð í tvennu lagi og gera þarf ráð fyrir að hún taki um 5-6 klukkustundir.

Undirbúningur

- Stundum þarf að breyta lyfjum áður en rannsóknin er gerð og því er mikilvægt að láta starfsfólk ísótópastofu vita um lyfjanotkun þegar tími er gefinn í rannsókn.
- Ráðlagt er að skilja skartgripir eftir heima.



Best er að nota inngang Eiríksgötu megin og gefa sig fram við afgreiðslu deildar 10G. Athygli er vakin á því að bílastæðin eru gjaldskyld.

Rannsóknardagur

- Mælt er með að koma í þægilegum fötum.
- Við komu á deild er gefið joð í töfluformi (ThySat), sem kemur í veg fyrir að ísótópur sem gefinn er í rannsókninni setjist í skjaldkirtil.
- Settur er æðaleggur í handlegg og í hann er gefinn ísótópur sem er geislavirkt efni. Það tekur efnið nokkurn tíma að setjast í höfuð. Ef sjúklingur er inniliggjandi, þá fer starfsmaður ísótópastofu á deild og gefur efnið þar, um klukkustund eftir að töflur voru teknar.
- Fara má af deild milli inngjafar og myndatöku, (koma 1 og 2) en einnig er velkomið að bíða á deildinni. Í rannsókninni þarf að liggja kyrr á rannsóknarbekk á meðan myndavélar nema geislun frá líkamanum.

Koma 1 eða á deild: Inngjöf á ísótóp

- Taka inn töflur.
- Gefinn ísótópur í æðalegg.

Koma 2: Myndataka

- Mæta þarf aftur 3-4 klukkustundum eftir að ísótópur var gefinn.
- Myndataka tekur um 60 mínútur.

Eftir rannsókn

- Niðurstöður rannsóknar berast innan tveggja vikna til þess læknis sem pantaði rannsóknina.
- Mikilvægt er að drekka vel eftir rannsóknina það sem eftir er dags því efnið skilst úr líkamanum með þvagi.
- Þar sem geislavirkt efni er notað í rannsókninni þarf að forðast mikla nærveru við aðra í 24 klukkustundir eftir rannsóknina, meðan efnið er að fara úr líkamanum. Mikilvægt er að forðast alla snertingu við barnshafandi konur og að hafa börn í fanginu þar sem þau eru viðkvæmari fyrir geislun en fullorðnir.

Velkomið er að hafa samband ef spurningar vakna.

Ísótópastofa Landspítala við Hringbraut, sími 543 5050, isotop@landspitali.is